

Hver er réttur einstaklings sem á íslenskt og erlent foreldri til íslensks ríkisborgararéttar?

Þau lög sem voru í gildi við fæðingu einstaklingsins skera úr um hvort hann eigi eða hafi átt rétt á íslenskum ríkisborgararétti frá fæðingu.

Helstu spurningar sem Útlendingastofnun leitar svara við í tilfellum sem þessum eru eftirfarandi:

- a. Hvenær og hvar er einstaklingurinn fæddur?
- b. Hvenær og hvar er íslenska foreldrið fætt?
- e. Voru foreldrar einstaklingsins í hjúskap þegar hann fæddist?
- f. Ef ekki, hafa foreldrarnir gifst eftir fæðingu hans?
- g. Hefur íslenska foreldrið tekið erlent ríkisfang, ef já, þá hvenær og með hvaða hætti?
- c. Hefur einstaklingurinn komið til Íslands?
- d. Er einstaklingurinn í sambandi við ættingja á Íslandi?

Réttur til íslensks ríkisfangs byggir á því hvort íslenska foreldrið hafi tekið upp erlent ríkisfang. Ísland heimilaði tvöfalt ríkisfang hinn 1. júlí 2003. Fyrir þann tíma misstu íslenskir ríkisborgarar íslenskt ríkisfang sitt þegar þeir sóttu um erlent ríkisfang. Mögulegt er að sækja um endurveitingu íslensks ríkisfangs.¹ Ef íslenskt foreldri hefur misst íslenskt ríkisfang fyrir fæðingu barns, þá á barn hans ekki lengur sjálfkrafa rétt á íslensku ríkisfangi, nema íslenska foreldrið sæki um endurveitingu íslensks ríkisfangs.

Athugið að íslenskir ríkisborgarar sem fæddir eru erlendis og aldrei hafa átt lögheimili á Íslandi né hafa búið eða dvalið hér á landi, geta misst ríkisfangið við 22 ára aldur, ef ekki hafa verið samskipti við landið sem talin eru nægja til að halda íslenska ríkisfanginu. Hægt er að óska eftir staðfestingu á því að halda íslenska ríkisfanginu.²

Þjóðskrá Íslands skráir íslenskt ríkisfang þess sem við fæðingu á sjálfkrafa rétt á íslensku ríkisfangi. Viðkomandi einstaklingur þarf að leggja fram fæðingarvottorð hjá Þjóðskrá.

Hér að neðan má finna samantekt um rétt til íslensks ríkisfangs ef annað foreldrið er íslenskur ríkisborgari og hitt erlendur ríkisborgari. Athugið að listinn er ekki tæmandi. Fyrirspurnir má senda á netfangið rikisborgararettur@utl.is.

¹ Beiðni um að öðlast íslenskt ríkisfang að nýju.

² Umsókn um að halda íslenskum ríkisborgararétti.

Fædd/ur á Íslandi

Íslensk móðir

Í hjúskap með erlendum föður við fæðingu barns:

Barn fætt fyrir 1. júlí 1964

Barnið öðlast ekki sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt³

Barn fætt eftir 1. júlí 1964 en fyrir 1. júlí 1982

Barnið öðlast ekki sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt⁴

Barn fætt 1. júlí 1982 eða síðar

Barnið öðlast sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt

Ekki í hjúskap með erlendum föður við fæðingu barns, og þau enn ógift

Barn öðlast sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt

Íslenskur faðir

Í hjúskap með erlendri móður við fæðingu barns

Barnið öðlast sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt þegar feðrun hefur átt sér stað

Ekki í hjúskap með erlendri móður við fæðingu barns, og foreldrar enn ógiftir

Barn fætt fyrir 1. október 1998

Barnið öðlast ekki sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt⁵

Barn fætt 1. október 1998 eða síðar

Barnið öðlast sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt þegar feðrun hefur átt sér stað

Hefur gengið í hjúskap með erlendri móður eftir fæðingu barns

Barn öðlast sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt frá og með hjúskapardegi foreldranna⁶

³ Almenn umsókn eða á grundvelli þess að vera barn Íslendinga.

⁴ Viðkomandi getur sótt um leiðréttingu hjá Útlendingastofnun.

⁵ Umsókn á grundvelli þess að vera barn Íslendinga.

⁶ Hér er sett skilyrði um að barnið hafi ekki náð 18 ára aldri og sé ógift.

Fædd/ur erlendis

Íslensk móðir

Í hjúskap með erlendum föður við fæðingu barns

Barn fætt fyrir 1. júlí 1964

Barnið öðlast ekki sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt⁷

Barn fætt eftir 1. júlí 1964 en fyrir 1. júlí 1982

Barnið öðlast ekki sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt⁸

Barn fætt 1. júlí 1982 eða síðar

Barnið öðlast sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt

Ekki í hjúskap með erlendum föður við fæðingu barns, og þau eru enn ógift

Barn öðlast sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt

Íslenskur faðir

Í hjúskap með erlendri móður við fæðingu barns

Barnið öðlast sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt þegar feðrun hefur átt sér stað

Ekki í hjúskap við fæðingu barns og foreldrar enn ógiftir

Barn öðlast ekki sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt⁹

Hefur gengið í hjúskap með erlendri móður eftir fæðingu barns

Barn fætt fyrir 1. október 1998 eða eftir 17. apríl 2007

Barnið öðlast sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt frá og með hjúskapardegi foreldranna¹⁰

Barn fætt á tímabilinu 1. október 1998 til 17. apríl 2007

Barn öðlast ekki sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt¹¹

⁷ Almenn umsókn eða á grundvelli þess að vera barn Íslending.

⁸ Viðkomandi getur sótt um leiðréttingu að því gefnu að skilyrði séu uppfyllt.

⁹ Fyrir barn fætt 1. október 1998 eða síðar er sótt um með tilkynningu um barn fætt erlendis. Barn fætt fyrir 1. október 1998 þarf að sækja um á grundvelli þess að vera barn Íslending.

¹⁰ Hér er sett skilyrði um að barnið hafi ekki náð 18 ára aldri og sé ógift.

¹¹ Tilkynning um barn fætt erlendis.